



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 1. nóvember 2021  
VEL2021100018

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

### ***Tillaga um skipulag á sérhæfðum teyllum***

Á fundi velferðarráðs þann 20. október 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um skipulag á sérhæfðum teyllum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki nánari útfærslu á þeim skipulagsbreytingum sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 8. júní sl. og í borgarráði 10 júní sl. vegna sérhæfðra teymla.

Fimm málaflokkar verði skilgreindir sérstaklega með starfsemi og/eða teymi sem starfa þvert á þjónustumiðstöðvar og hverfi: 1) Teymi um farsæld barna. 2) Vettvangs- og ráðgjafateymi í málefnum heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuþarfir (VoR-teymi). 3) Keðjan, samstarfsnet um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. 4) Alþjóðateymi, sem vinnur með málefni fólks af erlendum uppruna og 5) Virkniús.

Teymin eru ýmist staðsett miðlægt á velferðarsviði (teymi um farsæld barna), eða þjónustumiðstöðvum (VoR teymi og Alþjóðateymi) og sem sjálfstæðar einingar (Virkniús og Keðjan). Stjórnunarlega heyra faglegir leiðtogar Alþjóðateymis og VoR teymis undir viðkomandi framkvæmdastjóra (Miðborg og Breiðholt) en aðrir heyra undir skrifstofustjóra ráðgjafar. Stjórnunar- og rekstrarumfang teymanna er einnig mismunandi. Endanlegu kostnaðarmati vegna húsnæðismála VoR teymis og Virkniúss er ekki lokið auk kostnaðar vegna breytinga á húsnæði í Álfbakka fyrir Alþjóðateymi.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt. Fulltrúi Flokks fólksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillagan er hér með send borgarráði til kynningar, ásamt samþykkt velferðarráðs.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, reading "Regína Ásvaldsdóttir". The signature is fluid and cursive, with the first letter 'R' being particularly large and stylized.

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um skipulag á sérhæfðum teyrum, lögð fyrir fund velferðarráðs 20. október 2021.



Lagt fyrir 411. fund velferðarráðs 20. október 2021

VEL2021100018

RÁ/ds

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni tillögu: Skipulag á sérhæfðum teyllum***

Lagt er til að velferðarráð samþykki nánari útfærslu á þeim skipulagsbreytingum sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 8. júní sl. og í borgarráði 10 júní sl. vegna sérhæfðra teylla.

Fimm málaflokkar verði skilgreindir sérstaklega með starfsemi og/eða teylli sem starfa þvert á þjónustumiðstöðvar og hverfi: 1) Teylli um farsæld barna. 2) Vettvangs- og ráðgjafateylli í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (VoR-teylli). 3) Keðjan, samstarfsnet um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. 4) Alþjóðateylli, sem vinnur með málefni fólks af erlendum uppruna og 5) Virkniús.

Teyllin eru ýmist staðsett miðlægt á velferðarsviði (teylli um farsæld barna), eða þjónustumiðstöðvum (VoR teylli og Alþjóðateylli) og sem sjálfstæðar einingar (Virkniús og Keðjan). Stjórnunarlega heyra faglegir leiðtogar Alþjóðateyllis og VoR teyllis undir viðkomandi framkvæmdastjóra (Miðborg og Breiðholt) en aðrir heyra undir skrifstofustjóra ráðgjafar. Stjórnunar- og rekstrarumfang teyllanna er einnig mismunandi. Endanlegu kostnaðarmati vegna húsnæðismála VoR teyllis og Virkniúss er ekki lokið auk kostnaðar vegna breytinga á húsnæði í Álfabakka fyrir Alþjóðateylli.

**Greinargerð:**

Á fundi velferðarráðs 8. júní og borgarráðs 10. júní sl. var samþykkt að sett yrðu á laggirnar sérhæfð teylli til að sinna veigamiklum málaflokkum þvert á velferðarsvið. Í greinargerð með hinni samþykktu tillögu sagði nánar:

*„Teyllin tryggja samræmingu í þjónustuveitingu og samvinnu milli sviða, stofnana og hagsmunaaðila sem koma að þjónustu við tiltekna hópa. Teyllin eru ýmist staðsett miðlægt eða á þjónustumiðstöðvum. Sum teyllanna eru starfrækt nú þegar í einhverri mynd en hlutverk þeirra verða gerð skýrari og faglegir leiðtogar teyllanna taka þátt í framkvæmdastjórn sviðsins. Undir hverju teylli, sem ýmist eru með rekstur [...] eða hafa umboð til athafna án þess að vera með*

*rekstrareiningar [...] geta verið faghópar sem vinna einnig þvert á sviðið. Mikilvægt er að teymin verði sýnileg í starfsemi sviðsins, sinni faglegri forystu í viðkomandi málaflökkum í samstarfi við fagskrifstofur og hafi skýrt umboð til mótnar verklagsreglna og geti framfylgt þeim. Stjórnendur teymanna heyra ýmist undir framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva eða fagskrifstofur/miðlæga stjórnarsýslu en mikilvægt hlutverk teymanna er að starfa þvert á starfseiningar velferðarsviðs en ekki eingöngu í tilteknu hverfi þó starfsemin eigi þar „heimili“.*

**1. Teymi um farsæld barna** hefur það hlutverk að innleiða í þjónustu velferðarsviðs ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá hefur teymið það hlutverk að innleiða tillögur velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs sem voru samþykktar á sameiginlegum fundi ráðanna 8. júní sl. sem ganga undir heitinu „Ísaks-tillögurnar“. Um er að ræða 6 tillögur sem snúa allar að breytingum í þjónustu velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs til að bæta þjónustu við börn og unglínga. Teymið var sett á laggirnar með erindisbréfi dags. 25. ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022. Teymisstjóri er staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs en heyrir undir skrifstofustjóra ráðgjafar á velferðarsviði. Ekki stendur til að breyta þeirri staðsetningu fyrst um sinn en mikilvægt er að tryggja samráð og samstarf á milli sviðanna í innleiðingarfasanum.

**2. VoR-teymið** hefur það hlutverk að veita ráðgjöf til heimilisslauss fólks með miklar og flóknar þjónustuparfir, en teymið hefur verið starfandi síðan 2015 á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Það veitir fjölbreytta aðstoð, stuðning og ráðgjöf og miðlar upplýsingum um þjónustu sem er í boði. Teymið starfar m.a. með fólki í neyðarskýlum borgarinnar, smáhúsum og í íbúðum þar sem þjónustan byggir á hugmyndafræðinni *Húsnæði fyrst*.

VoR-teymið er skipað þverfaglegum hópi 13 sérfræðinga. Faglegur leiðtogi teymisins fer einnig með yfirumsjón með tveimur gistiskýlum með plássi fyrir 40 heimilisslausa karla með miklar og flóknar þjónustuparfir, tvö heimili fyrir heimilisslaugar konur og karla á Hringbraut og Njálsgötu og veitir jafnframt stuðning vegna reksturs Konukots, gistiskýli fyrir konur og áfangaheimilis fyrir karla á Miklubraut. VoR teymið hefur ekki haft fastan samastað en hefur haft afnot af fundarherbergi á þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Sú aðstaða hefur ekki reynst fullnægjandi en mikilvægt er að hafa aðstöðu sniðna bæði að þörfum notendahópsins og starfsmanna. Mikilvægt er fyrir starfsmenn teymisins að hafa aðsetur til að taka viðtöl við notendur þjónustunnar, sinna eftirfylgni með málum og halda teymisfundi.

**3. Keðjan**, samstarfsnet um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, sem sett var á laggirnar í janúar 2020, hefur það hlutverk að halda utan um alla stuðningsþjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra á vegum velferðarsviðs. Hjá Keðjunni starfa um 190 fagaðilar í um 50 stöðugildum. Keðjan er staðsett í Álfabakka í Mjódd en framkvæmdastjóri Keðjunnar mun heyra undir skrifstofustjóra ráðgjafar samkvæmt nýju skipuriti. Meðal verkefna Keðjunnar er foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf, námskeið og smiðjur ásamt umsjón með stuðningsfjölskyldum. Fjárhagsáætlun ársins 2022 vegna Keðjunnar nemur 1 ma.kr.

**4. Alþjóðateymi** mun hafa það hlutverk að annast og samræma starf velferðarsviðs með fólki af erlendum uppruna. Í dag annast velferðarsvið samræmda móttöku fyrir flóttafólk og teymi sem vinnur með umsækjendum um alþjóðlega vernd. Teymin hafa verið staðsett á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða en munu flytjast í

Álfabakka um áramót og heyra undir þjónustumiðstöð Breiðholts. Tilgangurinn með stofnun alþjóðateymis er að tryggja að starfsemi velferðarsviðs endurspegli sístækkandi hóp notenda á velferðarsviði sem er af erlendu bergi brotinn. Ennfremur að tryggja innleiðingu á þeim aðgerðum velferðarstefnu Reykjavíkurborgar sem taka til þjónustu við íbúa af erlendum uppruna. Fjárhagsáætlun ársins 2022 vegna hælisleitenda nemur 700 m.kr. sem greitt er af Útlendingastofnun. Samningur um samræmda móttöku flóttafólks nemur 90 m.kr., sem félagsmálaráðuneytið greiðir. Verði kostnaður hærri en 90 m.kr. sendir velferðarsvið reikning fyrir mismuninum.

5. **Virknihús**, sem sett var á laggirnar með tillögu borgarráðs 28. janúar 2021 hefur það hlutverk að halda utan um öll virkniúrræði velferðarsviðs með heildstæðri, einstaklingsmiðaðri nálgun og auknu samstarfi við þriðja geirann. Virkniúrræði velferðarsviðs voru sett undir sömu stjórnunarlegu einingu með stofnun Virknihúss en þau eru Karlasmiðjan, Kvennasmiðjan, Grettistak, Tinna og IPS–einstaklingsbundin starfsþjálfun. Með því að setja úrræðin undir einn hatt er markmiðið að ná aukinni samlegð, auka val og sveigjanleika námskeiðaframboða og þróa verkefni í takt við þarfir notendahópsins og samfélagsins hverju sinni. Nauðsynlegt er að starfsemin sé sýnileg í skipuriti þjónustumiðstöðva þar sem mikil áhersla er lögð á virkni í nýsamþykktri velferðarstefnu. Finna þarf starfseminni, sem hefur haft tímabundið aðsetur á skrifstofu velferðarsviðs í Borgartúni 12-14, varanlegan samastað og stendur leit að hentugu húsnæði yfir. Fjárhagsáætlun ársins 2022 vegna Virknihús nemur 110 m.kr. fyrir utan átaksverkefnin og húsnæðiskostnað.